



Reglur Sveitarfélagsins Skagafjarðar varðandi aðkomu félagsþjónustunnar að samstarfi við lögreglu um viðbrögð við heimilisofbeldi

Þessar reglur taka til verklags og heimilda starfsmanna sem kallaðir eru á vettvang vegna heimilisofbeldis, sbr. samstarfssamning Löggreglunnar á Norðurlandi vestra við Sveitarfélagið Skagafjörð.

Ef börn eru með skráð lögheimili eða stödd á vettvangi taka verklag og heimildir starfsmanna mið af Barnaverndarlögum ásamt reglum þessum.

Lögreglan kallar út starfsmann fjölskyldusviðs/barnaverndar þegar hún fær tilkynningu um mál þar sem grunur er um að um heimilisofbeldi sé að ræða. Fái starfsmaður félagsþjónustu tilkynningu eftir öðrum leiðum kallar hann til lögreglu.

- 1) Ef tilkynning berst sem ber með sér að þörf sé að bregðast strax við skal setja mál í forgang. Kalli lögreglan eftir aðkomu félagsþjónustu ber að bregðast við þegar í stað með því að senda fulltrúa félagsþjónustu á vettvang óski lögreglan þess.
- 2) Utan dagvinnutíma sér bakvakt barnaverndarmála um að sinna slíkum útköllum í bakvaktarsíma hvort sem börn eru skráð á heimilinu eða ekki. Á öðrum tímum sinna þeir ráðgjafar félagsþjónustunnar útköllum sem tiltækir eru hverju sinni.
- 3) Á vettvangi veitir starfsmaðurinn þolanda eða þolendum fyrstu hjálp sem m.a. getur falið í sér:
 - ✓ Ræða við börn og kanna líðan þeirra
 - ✓ Fylgd á bráðamóttöku í læknisskoðun.
 - ✓ Samþand haft við ættingja eða stuðningsaðila í nærumhverfi.
 - ✓ Aðstoð við að koma þolendum í öruggt skjól, eða neyðarheimili ef þörf er á.
 - ✓ Starfsmaður ræðir við geranda ef kostur er á því og aðstoðar hann við að finna sér húsaskjól ef þörf er.
- 4) Ef börn eru skráð á heimili er farið með tilkynningu skv. Barnaverndarlögum og verklagsreglum barnaverndarnefndar Skagafjarðar um umboð starfsmanna. Sama á við ef börn eru stödd á vettvangi þótt þau séu ekki skráð þar heimilisföst.
- 5) Um beiðni um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili fer skv. 3.gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarbann eða brottvísun af heimili. Félagsmálastjóri hefur umboð félagsmálanefndar/barnaverndarnefndar til að leggja fram beiðni skv. framangreindri lagagrein. Telji sá fulltrúi félagsþjónustu, sem mætir á vettvang hverju sinni, að grunur leiki á að um sé að ræða brot gegn 3. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili, og forsendur séu til að óska eftir nálgunarbanni eða brottvísun af heimili af þeim sökum, þá hefur og viðkomandi fulltrúi félagsþjónustu á vettvangi fullt og óskorað umboð til að óska eftir í nafni félagsmálastjóra að lögreglustjóri beiti úrræðum skv. lögum nr. 85/2011.

LM
SS

- 6) Starfsmaður félagsþjónustunnar á vettvangi hefur heimild til að ákvarða til bráðbirgða útgjöld með hliðsjón af 16 gr. reglna um fjárhagsaðstoð, t.d. gistikostnað, vegna brottvísunar enda telst viðkomandi heimilislaus ef svo stendur á.
- 7) Akrahreppur á aðild að barnaverndarnefnd Skagafjarðar, og taka þessar reglur því til heimila í því sveitarfélagi, ef börn eru á heimili.
- 8) Gátlisti fyrir starfsmenn félagsþjónustu fylgir reglum þessum og er hluti þeirra.

Samþykkt á fundi Barnaverndarnefndar 23.apríl 2019

Samþykkt á fundi Félags- og tómstundanefndar 29.apríl 2019

Samþykkt á fundi Byggðaráðs 15.maí 2019

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar 29.maí 2019

Fylgiskjal:

Gátlisti fyrir vettvangsstarfsmenn í heimilisofbeldismálum.

Á heimili

Starfssvið starfsmanns félagsþjónustu á bakvakt er að veita fyrstu aðstoð. Það felur m.a. í sér að:

- Kanna vel heimilisaðstæður og ástand á heimilinu (hverjir eru á heimilinu, eru börn á heimilinu, hvernig er umhöfus, ölvun, fíkniefnaneysla, áverkar o.s.frv.)
- Tala við börn sem eru á heimilinu
- Nota símatúlkun ef þörf er á. Hringt er í Alþjóðastofu, Akureyri. Starfsmaður skal greina frá að hann hringi frá félagsþjónustu í Skagafirði og fullu nafni.
- Þarf brotaboli að leita til læknis? Bakvaktarstarfsmaður fylgir viðkomandi ef ástæða er til. Einnig ef um er að ræða komu á heilsugæslu/neyðar-/bráðamóttöku. Starfsmaður óski eftir því að varðstjóri lögreglu á vakt tilkynni (hringir í gegnum 112) komu þolenda og starfsmanns á þessa staði þannig að ekki þurfi að bíða eftir þjónustu.
- Hvetja þolanda að fá áverkavottorð ef þess er þörf (getur flýtt fyrir málsmeðferð). Viðkomandi greiðir fyrir vottorðið sjálfur en mikilvægt er að halda saman öllum reikningum. Allur kostnaður sem kann að falla til vegna málsins er hluti sakakostnaðar. Það er hægt að fela lögreglu að kalla eftir áverkavottorði en það getur tekið lengri tíma.
- Veita upplýsingar um þjónustu sem hægt er að fá hjá félagsþjónustu.
- Er brotaboli í hættu og ástæða til þess að aðstoða brotabola til að komast af heimilinu? Ef svo er þá þarf að koma brotabola í öruggt skjól,
Kvennaathvarfið/gistiheimili /til aðstandenda.
- Mun lögreglan að beita brottvísun og/eða nálgunarbanni eða verður málið afgreitt með yfirlýsingu?
- Bakvaktarstarfsmaður getur farið fram á brottvísun eða nálgunarbanann skv.
2.mgr. 3.gr. laga um nálgunarbanann og brottvísun af heimili. Slíkri beiðni er hægt að koma á framfæri við lögreglu með einfaldri bókun þar um en hafa þarf í huga að að slíkri beiðni þarf að fylgja nægjanlegur rökstuðningur.
Gæta þarf vandlega að rökstuðningi ef til þess kemur að félagsþjónustan leggi fram beiðni um brottvísun. Ekki skal gefa upplýsingar um þriðja aðila en rökstuðningur fyrir beiðni þarf að vera nægilegur. Ávallt skal hafa samband við

Gu
512

félagsmálastjóra ef til þessa kemur.

Skv. 37. grein Barnaverndarlaga hefur Barnaverndarnefnd heimild til að krefjast brottvikningar heimilismanns fyrir dómi, sem felur í sér heimildir til að upplýsa lögreglu um ástæður slíkrar kröfu, m.a. með vísan til eldri fyrirliggjandi upplýsinga úr máli ef við á. Hér er hinsvegar um að ræða heimild skv. 2. mgr. 3. gr. laga um nálgunarbann og borttvísun nr. 85/2011.

- Geti sá sem vísað er brott af heimilinu ekki fundið sér sjálfur húsaskjól er félagsþjónustu sveitarfélaga skylt lögum skv. að útvega þeim sem vísað er brott af heimili húsnæði. Það felur í sér að benda á úrræði s.s. gistiheimili. Kanna þarf hver taki á sig kostnað vegna þessa (viðkomandi eða félagsþjónustan). Þessi heimild starfsmanns gildir einnig þótt um samkomulag sé að ræða varðadi brottvísun af heimilinu.
- Veita brotaþola stuðning og ráðgjöf á heimili og/eða við skýrslutöku.
- Hvetja brotaþola til að hafa samband við aðstandendur, ættingja eða vini til að fá þeirra stuðning.
- Bakvaktarstarfsmaður ræðir við meintan geranda í lok útkalls ef tök eru á því eða daginn eftir í þeim tilvikum sem viðkomandi samþykkir slíka þjónustu. Hafa skal samráð við lögreglu og hafa hana með ef ástæða er talin til. Veita skal félagslega ráðgjöf og fá upplýsingar um stöðu mála.
- Bakvaktarstarfsmaður skráir á vettvangi niður helstu upplýsingar á þar til gert skjal um heimilisofbeldi.
- Lögreglan getur óskað eftir áverkavottorði á síðari stigum.

Börn á heimili

- Miklvægt er að starfsmaður hugi strax að börnum, ræði við þau og kanni líðan þeirra.
- Starfsmaður þarf að meta hvort og með hvaða hætti er unnt að skapa öruggan vettvang til að ræða við börnin.
- Ekki skal víkja frá börnum á heimili nema aðstæður þyki nægilega tryggar.

Eftirfylgni

- Meginregla er að bakvaktarstarfsmaður sem fer í útkall sinni einnig eftirfylgni tiltekins máls.



- Bakvaktarstarfsmaður hefur samband (símtal eða viðtal, ekki tölvupóst) við brotaþola daginn eftir atburð eða eigi síðar en innan fjögurra virkra daga. Tilgangur þessa samtals er að veita þolanda stuðning og ráðgjöf og kanna hvort aðstæður hafi breyst, hvort ofbeldið sé viðvarandi.
- Bakvaktarstarfsmaður og lögregla (rannsakandi) með málið fara á heimili brotaþola innan viku frá því að tilkynning um útkall barst. Bakvaktarstarfsmaður félagsþjónustu ber ábyrgð á að kalla til lögreglu og finna tíma fyrir eftirfylgniheimsókn. Tilgangur heimsóknarinnar er að kanna stöðu hjá aðilum og börnum og fylgja eftir leiðbeiningum til þolanda og geranda (sjá gátlista).
- Bakvaktarstarfsmaður kannar hvort mál sé til í málaskrá. Ef mál er þegar til vinnslu þá fær starfsmaður með málið upplýsingar um útkall.
- Ef mál er ekki til í málaskrá en þarf nasta frekari vinnslu þarf að úthluta því til viðkomandi starfsmanns.
- Félagsmálastjóri skapar aðstæður til að vettvangsstarfsmaður geti fylgt máli eftir eins og nauðsynlegt þykir.

Annað

- Viðbragðstími lögreglu og félagsþjónustu skal vera eins skammur og kostur er.
- Búið er að ganga frá því að þolendur ofbeldis eiga að fá forgang (eins og hægt er) á viðkomandi heilbrigðisstofnun.
- Starfsmaður skal bera á sér kennikort þegar farið er í útköll og eftirfylgniheimsóknir .
- Hafa þarf í huga að bakvaktarstarfsmenn geta verið kallaðir sem vitni í málum sem kunna að fara fyrir dómstóla og því er mjög brýnt að skrá atvik strax ítarlega niður.

W
SSS

